

Borgarráð

Loftslagsviðurkenning Reykjavíkurborgar og Festu

Lagt er til að borgarráð samþykki að veita árlega loftslagsviðurkenningu Reykjavíkurborgar. Viðurkenningin verði veitt fyrirtækjum, félagasamtökum, stofnunum og einstaklingum sem hafa lagt sitt af mörkum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Valið byggir á starfi þriggja manna dómnefndar: einn frá Festu, einn fulltrúi Reykjavíkurborgar og einn aðili frá Háskóla Íslands. Starfsmaður dómnefndarinnar kemur frá umhverfis – og skipulagssviði. Dómnefndin byggir val sitt á árangri og aðgerðum sem fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir eða einstaklingar hafa gripið til í þeim tilgangi að upplýsa og fræða um loftslagsmál, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og setja fram nýjar lausnir í loftslagsmálum.

Greinargerð:

Loftslagsfundur Festu og Reykjavíkurborgar verður haldinn 8. desember 2017 í Hörpu. Á fundinum verður ráðstefna, örfyrirlestrar og kynningar á nýjungum í loftslagsmálum. Lagt er til að loftslagsviðurkenning verði veitt til fyrirtækja, stofnana, félagasamtaka og / eða einstaklinga. Markmið viðurkenninganna er að vekja jákvæða athygli á því sem vel er gert í loftslagsmálum og vera hvatning til annarra.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:

Tilnefning til loftslagsviðurkenninga Festu og Reykjavíkurborgar 2017 - gátlisti.



Reykjavíkurborg



F E S T A
Samfélagsóbyrgð
fyrirtækja



TILNEFNING TIL LOFTSLAGSVIÐURKENNINGA FESTU OG REYKJAVÍKURBORGAR 2017

Leitað er eftir tilnefningum frá fyrirtækjum, félagasamtökum, stofnunum og einstaklingum vegna loftslagsviðurkenninga. Markmið viðurkenninganna er að:

- Hvetja til minni losunar gróðurhúsalofttegunda
- Vekja athygli á því sem vel er gert í loftslagsmálum
- Hvetja til nýjunga og nýrra lausna í loftslagsmálum
- Styðja við Loftslagsyfirlýsingu Festu og Reykjavíkurborgar

Dómnefndin byggir val sitt á árangri og aðgerðum sem fyrirtæki, félagasamtök, stofnanir eða einstaklingar hafa gripið til í þeim tilgangi að upplýsa og fræða um loftslagsmál, draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og setja fram nýjar lausnir í loftslagsmálum. Gátlistinn hér fyrir neðan er til að einfalda tilnefningu og auðvelda dómnefnd samanburð. Vinsamlegast svarið því sem við á og athugið að listinn er til viðmiðunar og ekki tæmandi.

Umsóknir og tilnefningar berist Reykjavíkurborg í síðasta lagi í lok dags 30. nóvember næstkomandi, merktar „Loftslagsviðurkenning2017“ á usk@reykjavik.is

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Heiti fyrirtækis / stofnunar / félagasamtaka / einstaklings:

Heimilisfang:

Nafn og netfang þess sem tilnefnir:

RÖKSTUÐNINGUR VEGNA TILNEFNINGAR

Hvernig tengist tilnefningin loftslagsmálum?

Hefur verið sett fram stefna og skrifleg markmið um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda?

Er losun gróðurhúsalofttegunda mæld?

Er unnið markvisst að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og þá hvernig?

Hefur verið vakin athygli á rekstrarlegum ávinningi af loftslagsmálum?

Annað sem þið viljið taka fram:

FYLGISKJÖL:

Æskileg fylgiskjöl

Afrit af gildandi stefnumörkun og þá sérstaklega loftslagsstefnu og/eða umhverfisstefnu.

Afrit af markmiðum varðandi loftslagsmál og hvernig gengur að fylgja þeim eftir